

að halda lögheimili sínu á Íslandi þrátt fyrir námsdvöl. Hún hefur þannig ekki fullnægt skilyrðum kosningalanganna til þess að verða tekin á kjörskrá í Garðakaupstað, og ber því að hafna kröfu hennar.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Málið hefur verið rekið á bæjarþingi Hafnarfjarðar, en samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 19. ágúst 1976, er Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður ein dómsþinghá, sbr. 72. gr. laga nr. 85/1936, og hefur bæjarþing hinnar sameiginlegu dómsþinghár verið nefnt bæjarþing Hafnarfjarðar til hægðarauka.

Dómsorð:

Hrundið er kröfu stefnanda, Kristínar S. Kvaran.

Laugardaginn 27. maí 1978.

Nr. 197/1978. **Einar B. Kvaran**
 (Benedikt Sveinsson hrl.)
 gegn
bæjarstjórn Garðakaupstaðar
 (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Kosningarréttur. Lögheimili. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Afrýjandi hefur afrýjað máli þessu með stefnu 25. maí 1978. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka nafn afrýjanda á kjörskrá þá í Garðakaupstað, sem gildir við bæjarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 28. maí 1978.

Stefndi hefur lýst yfir því, að hann hreyfi engum andmælum gegn kröfu áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt ljósrit af samnorrænni flutningsboðun fyrir áfrýjanda.

Samkvæmt samnorrænu flutningsvottorði, undirrituðu af áfrýjanda 15. júní 1977, flutti hann ásamt eiginkonu sinni og tveimur börnum þeirra lögheimili sitt frá Hörpulundi 3 í Garðakaupstað til Oslóar. Er flutningsdagur talinn 27. júní s. á. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, verður að miða við, að áfrýjandi hafi farið til Noregs til starfa og náms hjá nafngreindu fyrirtæki þar í landi. Ekki gerði hann athugasemd um það í flutningsvottorðinu, að lögheimili hans skyldi vera áfram í Garðakaupstað, sbr. 10. gr. laga nr. 35/1960, og ekki nýtur heldur við neinna annarra gagna, er sýni slíka fyrirætlun. Samkvæmt samnorrænni flutningsboðun, áritaðri af Oslo folkeregister, er áfrýjandi talinn hafa tekið þar lögheimili 29. júní 1977.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm að niðurstöðu til.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 31/1960 er þeim, sem dveljast erlendis við nám, rétt að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott. Samkvæmt gögnum máls vakir fyrir áfrýjanda að dveljast um eins árs skeið við nám í Noregi. Eins og hér stendur á, þykir eigi verða talið, að áfrýjandi hafi ætlað sér að slíta lögheimili sínu hér á landi með flutningstilkynningu þeirri, er greinir í atkvæði meiri hluta dómara, svo að varði missi kosningarrettar hans við framangreindar kosningar. Óvefengt er, að hann átti lögheimili að Hörpulundi 3 í Garðakaupstað, er hann fluttist af landi brott. Ber við það að miða, að áfrýjandi fullnægi skilyrðum 18. gr. laga nr. 58/1961, svo sem henni er

breytt með 1. gr. laga nr. 81/1967, sbr. og 9. gr. laga nr. 58/1961, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 5/1966, er breytir 1. gr. laga nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar. Samkvæmt þessu verður krafa áfrýjanda í málinu tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Stefnda, bæjarstjórn Garðakaupstaðar, ber að taka nafn áfrýjanda, Einars B. Kvaran, á kjörskrá þá, sem gildir við bæjarstjórnarkosningar í Garðakaupstað 28. maí 1978.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. maí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Einar B. Kvaran (1820-0635) höfðað vegna sveitarstjórnarkosninga 28. maí nk. gegn bæjarstjóra Garðabæjar f. h. bæjarstjórnar Garðabæjar á bæjarþingi 23. maí 1978, þar sem mætt var af hálfu stefnda og fyrirtaka málsins samþykkt.

Hann krefst þess að verða tekinn á kjörskrá í Garðabæ.

Af stefnda hálfu hefur kröfu stefnanda ekki verið mótmælt.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, þjóðskrár, var stefnandi á íbúaskrá hinn 1. desember 1977 skráður í Noregi. Síðasta lögheimili hans á Íslandi fyrir flutning var Hörpulundur 3, Garðabæ. Hann er fæddur 9. nóvember 1947.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi um nokkurt skeið verið við nám í Oslóborg í Noregi. Áður en hann hafi haldið til náms hafi hann verið búsettur að Hörpulundi 3, Garðabæ, enda haft þar lögheimili. Við athugun kjörskrár hafi komið í ljós fyrir skömmu, að nafn hans hafði fallið út af kjörskrá og hann verið skráður af Hagstofu Íslands í Noregi.

Þar sem kærufrestur til sveitarstjórnar, sbr. 24. grein laga nr. 52/1959 og 1. grein laga nr. 5 frá 1962, sé útrunninn, sé nauðsyn að höfða mál þetta með stoð í 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar, er það skilyrði kosningarréttar, að maður eigi lögheimili hér á landi. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, skal taka á kjörskrá þá, sem voru heimilisfastir í sveitarfélagi 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrár skulu lagðar fram. Gögn málsins bera með sér, að

stefnandi var ekki heimilisfastur á Íslandi 1. desember sl. Hann virðist því ekki hafa neytt heimildar 10. gr. lögheimilislaganna til að halda lögheimili sínu á Íslandi þrátt fyrir námsdvöl. Hann hefur þannig ekki fullnægt skilyrðum kosningalaganna til þess að verða tekin á kjörskrá í Garðakaupstað, og ber því að hafna kröfu hans.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Málið hefur verið rekið á bæjarþingi Hafnarfjarðar, en samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 19. ágúst 1976, er Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður ein dómþinghá, sbr. 72. gr. laga nr. 85/1936, og hefur bæjarþing hinnar sameiginlegu dómþinghár verið nefnt bæjarþing Hafnarfjarðar.

Dómsorð:

Hrundið er kröfu stefnanda, Einars B. Kvaran.

Þriðjudaginn 30. maí 1978.

Nr. 15/1976. **Þormóður rammi h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Ólafi Björnssyni
og gagnsök
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Vinnusamningur. Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Elías I. Elíasson bæjarfógeti og meðdómsmennirnir Eyþór Hallsson framkvæmdastjóri og Knútur Jónsson framkvæmdastjóri.